

Skautasamband Íslands

# Mótahandbók



# Efnisyfirlit

---

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Formáli</b>  | <b>3</b>  |
| <b>1. Kafli Reglugerðir og eyðublöð</b>                             | <b>3</b>  |
| <b>2. Kafli Mótanefnd ÍSS</b>                                       | <b>3</b>  |
| Eftirlitsaðili ÍSS  | 3         |
| <b>3. kafli Mótstilkynning</b>                                      | <b>4</b>  |
| <b>4. kafli Mótsstjórar og starfsfólk</b>                           | <b>5</b>  |
| Mótsstjóri og aðstoðarmótsstjóri                                    | 5         |
| <i>Keppandi dregur sig úr keppni - WD</i>                           | 8         |
| Yfirmenn dómarapanel  | 10        |
| <i>Yfirdómari (referee)</i>   | 10        |
| <i>Tæknistjórnandi (TC)</i>   | 10        |
| Starfsfólk-sjálfboðaliðar   | 11        |
| <i>Reiknimeistarar</i>  | 11        |
| <i>Hjúkrunarfólk</i>  | 11        |
| <i>Myndbandsvél fyrir panel</i>                                     | 11        |
| <i>Umsjón með verðlaunaafhendingu</i>                               | 11        |
| <i>Liðsstjórar</i>  | 11        |
| <b>5. kafli Mót</b>   | <b>13</b> |
| Dómarakerfi   | 13        |
| Upphitunartímar allra keppnisflokk (tafla)                          | 15        |
| <b>ÍSS móti</b>   | <b>16</b> |
| Æfingar   | 16        |
| Keppnisröð  | 17        |
| Upphitun  | 17        |
| Upplestur einkunna og úrslita                                       | 17        |
| Verðlaunaafhendingar  | 17        |
| Úrslit móta   | 17        |
| Verðlaunaafhending á Íslandsmeistaramóti                            | 18        |
| <b>Millifélaga- og Innanfélagsmót</b>                               | <b>19</b> |
| Tæknibúnaður og dómarapanell  | 19        |
| <i>Keppnisflokkar ÍSS</i>   | 19        |
| <i>Keppniskerfi félaga</i>  | 19        |
| <i>Keppniskerfi Special Olympics og Adaptive Skating (SO og AS)</i> | 19        |

|   |           |
|---|-----------|
| Keppnisröð  | 20        |
| Upphitun  | 20        |
| Úrslit móta   | 20        |
| Birting úrslita   | 20        |
| Á mótsstað  | 20        |
| Á heimasiðu mótsstöðum  | 20        |
| Verðlaunaafhendingar (sjá töflu bls. 23)                          | 21        |
| Verðlaunaafhendingar (tafla)                                      | 23        |
| Útreikningur tímaplans móta                                       | 24        |
| HVAÐ SKAL PRENTA ÚT OG BIRTA                                      | 25        |
| <b>Alþjóðleg móttálist ISU, (Open International og Interclub)</b> | <b>26</b> |
| Dómarar og starfsfólk panels                                      | 26        |
| Starfsmenn móts (sjálfboðaliðar)                                  | 26        |
| Verðlaun og viðurkenningar  | 26        |
| Æfingar á mótmóta   | 26        |
| Keppnisröð  | 27        |
| Upphitun  | 27        |
| Upplestur einkunna og úrslita                                     | 27        |
| Verðlaunaafhendingar  | 27        |
| Úrslit móta   | 28        |
| <b>6. kafli Eftir móttálist</b>                                   | <b>29</b> |
| Kærur og kvartanir  | 29        |
| Skýrslur  | 29        |
| <b>7. kafli Tenglar</b>   | <b>30</b> |
| Starfslýsing Kynnir   | 31        |
| Starfslýsing Tónlistarstjóri                                      | 33        |
| Starfslýsing Tímavörður   | 34        |
| Starfslýsing Móttaka  | 35        |
| Starfslýsing Hliðverðir   | 36        |

# Formáli

---

Handbók inniheldur reglur um hvernig standa skuli að mótaíþróttum á Íslandi. Fara skal eftir henni í hvívetna um framkvæmd móta. Í henni má finna skilgreiningu á hlutverkum mótsstjóra, skyldum og ábyrgð, skilgreiningu mismunandi keppnis- og dómarakerfa og fyrirkomulagi móta. Finna má reglur um framkvæmd móttana í köflum er eiga við hverju sinni. Öll mótt sem haldin eru á Íslandi heyra undir þessar reglur.

Komi til þess að gera þurfi nauðsynlegar breytingar á mótaíþróttum á keppnistímabilinu verða þær gefnar út í viðaukum.

Mælt er með að félögin eigi útprentað eintak af þessari handbók í möppu.

## 1. Kafli Reglugerðir og eyðublöð

---

Allar nauðsynlegar reglur og eyðublöð má finna á Efnisveitu ÍSS, ISU og ÍSÍ.

- ISU Constitution and General Regulations
- ISU Special Regulations and Technical Rules
- Móta- og keppendareglur ÍSÍ
- Keppnisreglur ÍSS
- Reglugerðir ÍSS um mótanefnd og mótt
- Handbók starfsfólks á panel
- Listi yfir starfandi dómara og tæknifólk
- Leiðbeiningar fyrir kynni
- Skýrsla yfirdómara
- Skýrsla mótsstjóra
- Mótstilkynningar
- Önnur eyðublöð vegna móta

Tengla má finna á bls. 30 í þessari handbók.

## 2. Kafli Mótanefnd ÍSS

---

Mótanefnd starfar eftir reglugerð um mótanefnd. Nefndin skal hafa eftirlit með öllum mónum á listskautum á landinu og fylgjast með hvort framkvæmd móta sé samkvæmt reglum. Mótsstjórar félaga eru tengiliðir aðildarfélaga við ÍSS og fara samskipti aðildarfélaga vegna móta í gegnum þá við mótanefnd.

### Eftirlitsaðili ÍSS

Á ÍSS mónum skipar mótanefnd ÍSS eftirlitsaðila á sínum vegum og skal hann auðkenndur.

Hlutverk eftirlitsaðila ÍSS er að:

- fylgjast með að mótið fari fram í samræmi við reglur og koma ábendingum til mótsstjóra um úrbætur ef þarf.

- aðstoða með samskipti við fjölmíðla og ljósmyndara á mótsstað í samvinnu við mótsstjóra ef þarf.
- taka á móti kærum ef þarf fyrir hönd ÍSS.
- vera í samskiptum við mótsstjóra og liðsstjóra félaga eftir þörfum.

### 3. kafli Mótstilkynning

---

Gera skal mótsstilkynningu fyrir öll mótt og senda þær til þeirra sem boðið er á mótin. Mótstilkynningar skal birta á heimasíðu mótsstjóra a.m.k. þremur vikum fyrir mótt. Einnig skal senda allar mótsstilkynningar á mótanefnd ÍSS [motanefnd@iceskate.is](mailto:motanefnd@iceskate.is) og [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)

EKKI SKAL SENDA ÚT MÓTSSTILKYNNINGAR FYRR EN DÓMARAPANELL HEFUR VERIÐ MANNAÐUR. SENDA SKAL STAÐFESTINGU Á DÓMURUM UM LEIÐ OG MÓTSSTILKYNNINGU TIL ÍSS (Eyðublað má finna á Efnisveitu ÍSS og sendist á events@iceskate.is).

SÉ KERFI B NOTAÐ ÞARF AÐ AUKI AÐ SENDA STAÐFESTINGARKÓÐA ÚR CALK UM AÐ HANN HAFI VERIÐ UPPFÆRÐUR MEÐ NÝJUSTU ÚTGÁFUNNI. LEITA SKAL AÐSTOÐAR HJÁ SKRIFSTOFU ÍSS (sendist á events@iceskate.is).

Finna má mótsstilkynningarform á efnisveitu ÍSS sem nota má til að búa til mótsstilkynningu. Mótsstjóri er ábyrgðarmaður fyrir mótsstilkynningu og undirritar hana.

Í mótsstilkynningu þarf að koma fram:

- Hver er mótsstjóri.
- Staðsetning móts og tími.
- Keppnisflokkar sem keppt verður í.
- Dómarakerfi sem verða notuð.
- Verðlaun og fyrirkomulag þeirra.
- Skráning keppenda og skil á innihaldslýsingu prógrama.
- Keppnisgjöld og hvernig skal greiða þau.
- Birting keppendalist, útdráttar og úrslita (tengill á heimasíðu).
- Bráðabrigðadagskrá.
- Hvenær tímaáætlun verður birt.
- Fyrirkomulag endurspilunar tónlistar.
- Hvert skal tilkynna forföll.
- Æfingatímar í boði (ef einhverjur eru).
- Persónuverndarákvæði (GDPR).

## 4. kafli Mótsstjórar og starfsfólk

---

Mótanefnd ÍSS hefur yfirumsjón með framkvæmd og skipulagningu ÍSS móta sem og alþjóðlegra móta á vegum ÍSS. Með nefndinni starfa mótsstjórar allra aðildarfélaga.

Mótsstjórar eru ábyrgir fyrir þeim móum sem félög þeirra halda; ÍSS móum og millifélaga móum sem félagið tekur að sér sem og innanfélagsmóum þess.

Mótsstjórar eru ábyrgir fyrir að mótt innan þeirra félaga fari fram eftir settum reglum. Nota skal mótabandbók við skipulagningu og framkvæmd allra móta. Einnig má finna upplýsingar á Efnisveitu ÍSS.

Mótsstjóra og aðstoðarmótsstjóra bera að kynna sér allar reglur um móta hald frá ÍSS, ÍSÍ og ISU sem og síðareglur og hegðunarviðmið þeirra. Mótsstjóri ber ábyrgð á að sjálfboðaliðar á móum á hans forræði þekki og fari eftir reglum í hvívetna.

Öll starfsgildi þurfa að vera til staðar á hverju móti, burtséð frá því hvers konar mótt er að ræða.

### Mótsstjóri og aðstoðarmótsstjóri

Mótsstjóri ætti að hafa aðstoðarmótsstjóra. Aðstoðarmótsstjóri getur gengið í öll störf mótsstjóra í forföllum hans og er honum að öðru leiti til aðstoðar.

Mótsstjóri eða aðstoðarmótsstjóri skulu ávalt vera viðstaddir á meðan á móti stendur. Þeir skulu einnig vera auðkenndir svo þeir sem þurfa að leita til þeirra geti gert svo með auðveldum hætti.

Verkaskipting milli mótsstjóra og aðstoðarmótsstjóra ætti að vera skýr og ákveðin fyrirfram.

Bæði mótsstjóri og aðstoðarmótsstjóri þurfa að hafa útprentaðar móta- og keppnisreglur við höndina á móum undir þeirra forræði og vera vel að sér í notkun þeirra. Ekki er leyfilegt að breyta útgefnum skjölum frá ÍSS en þó má fylla í eyður í þeim skjölum sem gefa kost á því notendum til hagræðingar.

**SKIPULAGSFUNDUR:** Æskilegt er að halda fund með sjálfboðaliðum nokkrum dögum fyrir mótt til að fara yfir skipulag. Það má kynna nýja sjálfboðaliða fyrir starfinu sínu s.s. hliðvörðum, móttöku, kynnum, tónlistarstjórum, vídeófólki, tímavörðum og fólk í uppsetningu og dómarakaffi. Á fundinum skal farið yfir skipulag mótsins og dagskrá, vaktalista og nauðsynlega samvinnu við foreldrafélag svo eitthvað sé nefnt. Nota má starfslýsingar hlutverka aftast í mótabandbók en einnig skal prenta út Leiðbeiningar fyrir kynnir.

Mótsstjóri:

- er ábyrgur fyrir framkvæmd og skipulagningu á mótsstað
- mannar í stöður sjálfboðaliða á mótinu
- sér um tímaútreikninga og áætlanir
- er ábyrgur fyrir að allur búnaður nauðsynlegur mótinu sé til staðar og uppsettur
- er í samskiptum við Mótanefnd ÍSS og Eftirlitsaðila ÍSS
- mannar dómara- og tæknipanel (innanfélags- og millifélagamóta)
- er ábyrgur fyrir góðu upplýsingaflæði milli panels, kynnis, liðsstjóra, eftirlitsaðila og keppenda
- er ábyrgur fyrir að upplýsingar um keppendur er draga sig úr keppni fari rétta leið

- skilar skýrslu til Mótanefndar ÍSS að loknu móti (sjá kaflann, **Eftir mót**)

Mótsstjóri þarf að gæta að:

**Starfsfólk:** Nægt starfsfólk þarf að vera til staðar. Of fáir sjálfboðaliðar valda of miklu álagi á lítinn hóp fólks og veldur ónauðsynlegum töfum. Hafa skal í huga lengd vakta sjálfboðaliða, sérstaklega þeirra er starfa í kaldri höll. Gott er að rótera fólk. Sjá skal til bess að sjálfboðaliðar hafi aðsetur til hvíldar. Gott er að hafa þar drykki og/eða léttar veitingar. Ekki skal skipta um starfsfólk í miðjum keppnisflokk. Einnig má hafa í huga að ekki þarf að vera sami kynnir á móti og í verðlaunaafhendingu ís.

#### **Nauðsynleg starfsgildi eru:**

Kynnar  
Tónlistarstjórar  
Hliðverðir  
Móttaka  
Matar- og kaffiveitingar dómara og sjálfboðaliða  
Vídeóvélafólk (panel og/eða streymi)  
Tímaverðir

#### **Að auki:**

Reiknimeistarar (ef þarf)  
Hlauparar (ef þarf)

- **Yfirseta tölvukerfis:** Ef gert er hlé á keppni án þess að dómarakerfi sé tekið niður þarf að útvega fólk sem situr yfir á meðan almenningi er hleypt á ísinn. Dómarakerfi ÍSS má aldrei skilja eftirlitslaust.
- **Myndbandsstreymi frá mótum:** Mælst til að streymt sé frá öllum viðburðum á vegum félaganna. Nokkrir einstaklingar geta skipt með sér verkinu.

#### **FYRIR MÓT:**

- **Mótstilkynning:** Gera þarf móttstilkynningu skv. reglum fyrir hvert móti.
- **Dómarakerfi:** Athuga þarf að dómarakerfi séu uppsett í tölvu, rétt útgáfa sé notuð og staðfesting á því hafi verið sent til ÍSS. Tengja þarf IJS á heimasíðu mótsaldara.
- **Dómarar:** Mótsstjórar þurfa að að manna dómara og tæknipanel (utan ÍSS móta) og senda staðfestingu þess efnis um leið og móttstilkynningu til ÍSS. Mótstilkynningu á ekki að gefa út nema panell hafi verið mannaður. Eyðublað er á Efnisveitu ÍSS.
- **Tímaáætlun:** Gera þarf tímaáætlun mótsins sem send er til yfirdómara. Nota má Excel leiðbeiningar sem finna má á Efnisveitu ÍSS. Sjá einnig útreikninga tímaplans bls. 24.
- **Nafnspjöld:** Starfsmenn mótsins s.s. mótsstjóri og aðrir ábyrgðaraðilar þurfa að vera auðkenndir.
- **Búnaður:** Tölva, Flautur, talstöðvar, skeiðklukkur, pappír, blýantar, pennar, heftarar, gatari, ljósritunarvél/prentari þurfa að vera tiltæk. Blek/toner í prenturum og ljósritunarvél þurfa að vera í lagi.
- **Heflun:** Mótsstjóri þarf að hafa samráð við rekstraraðila íssins um heflun, tímaáætlun o.s.frv. Gott er að minna á að ísinn þarf að uppfylla kröfur um hitastig fyrir listhlaup ca. -5 °C.

- **Verðlaun/viðurkenningar:** Panta þarf verðlaunapeninga og prenta út viðurkenningarskjöl/stjörnublöð. Verðlaunapeningar á ÍSS mónum fara eftir reglum ÍSS (sjá efnisveitu). ÍSS sér um verðlaun og viðurkenningarskjöl á Íslandsmóti og Íslandsmeistaramóti. Á mónum félagalínu þarf að prenta út stjörnublöð á þykkan pappír sem afhendast í verðlaunaafhendingu.
- **Verðlaunapallur/svæði:** Séð skal til þess að verðlaunapallur og dregill sé til staðar og snyrtilegur. Svæði það sem verðlaunaafhendingar af ís fara fram skal vera rúmgott og snyrtilegt og aðgengilegt almenningi. Gott er að setja sér starfsmann í að skipuleggja verðlaunaafhendingar. Skreyta má svæðið t.d. með fánum, ljósaseríum o.p.h. Gott er að skipta verðlaunaafhendingum upp í nokkrar smærri athafnir til að auðvelda flæði og umgang. Ekki þarf að nota hálalarakerfi hallar við verðlaunaafhendingar sem fara fram af ís.
- **Afmörkuð svæði:** Sjá skal til þess að takmörkuð umferð sé um þau svæði þar sem keppendur og þjálfarar eru á fyrir og eftir keppni. Þetta á einnig við um búningsherbergi. Þurfi keppendur aðstoð við keppnisbúnað geta þeir leitað til liðsstjóra síns eða farið fram á almenningssvæði. Umferð óviðkomandi á að takmarka um þetta svæði hvort sem er foreldra eða skautara en einnig þeirra skautara og þjálfara sem hafa lokið keppni og störfum á mótinu.
- **Kiss & Cry:** Setja upp afmarkaða aðstöðu fyrir skautara og þjálfara þar sem beðið er eftir einkunnum. Viðurkenningarskjöl eru afhent í K&C.

#### **SKIPULAG:**

- **Æfingatími fyrir gesti:** Gott er fyrir mótsaldara að hafa í huga að útvega gestum einn til two ís tíma fyrir keppni ef hægt er.
- **Fyrir starfsmenn á panel:** Útvega þarf teppi og/eða hitara fyrir dómara, tæknisérfræðinga og annað starfsfólk á panel.
- **Aðstaða fyrir dómara og tæknifólk:** Mótsstjóri sér til þess að dómrar og tæknifólk hafi sér aðstöðu í hléum. Sjá þarf til þess að til staðar séu heitar veitingar (t.d. kaffi, kakó, te, súpa) auk brauðmetis eða létrar máltíðar. Mótsaldari sér um veitingar og kostnað vegna þeirra.  
Umgangur hjá dómurum/tæknifólki á meðan móti stendur er ekki leyfilegur  
óviðkomandi (á einnig við um sjálfbóðaliða), hvorki á panel né í aðstöðu þeirra í hléum.

#### **GÖGN:**

Við útprentun gagna skal fara eftir lista á bls. 25

- **Dagskrá og keppendalisti:** Dagskrá móts og keppendalisti þurfa að vera aðgengileg öllum. Hengja skal hvort tveggja upp á áberandi stöðum á mótsstað.
- **Keppnisröð:** Draga má í keppnisröð í IJS-tölvukerfi eða með númeruðum teningum. YFIRUMSJÓN MED ÚTDRÆTTI HEFUR YFIRDÓMARI. Ekki skal draga nema ráðfæra sig við yfirdómara mótsins fyrst. Eftir stutt prógram hjá flokkum sem keppa með tvö prógröm getur keppnisröð síðari keppnisdags miðast við niðurstöðu fyrri keppnisdags.
- **Birting úrslita:** Birting úrslita skal fara fram í samræmi við reglur (sjá verðlaunaafhendingu og töflu bls. 23). Mótsstjóri er ábyrgur fyrir að birting úrslita fyrir verðlaunaafhendingu sé eftir settum reglum á þeim mónum sem hann er í forsvari fyrir.

- **Skjöl í félagalínu:** Stjörnublöð þarf að prenta út fyrir alla keppendur í keppniskerfi félaganna. Stjörnublöðin afhendast í verðlaunaafhendingu og koma í stað viðurkenningarskjala.
- **Nafnspjöld og merkingar:** Merkja þarf starfsfólk mótsins og mikilvægar staðsetningar á mótinu s.s. búningsherbergi o.fl. (ATH. útprentun gagna bls. 25.)
- **Fyrir kynni og tónlistarstjóra:** SJÁ STARFSLÝSINGU KYNNIS OG STARFSLÝSINGU TÓNLISTARSTJÓRA.

Útvega kynni og tónlistarstjóra öll nauðsynleg gögn vegna mótsins s.s.

- Leiðbeiningar fyrir kynnir
- dagskrá móts
- keppendalistar
- lista yfir starfsfólk panels hvers keppnisflokk
- talstöðvar
- skeiðklukku
- hverjir veita verðlaun
- staðfest úrslit
- aðrar tilkynningar sem kynnir skal lesa upp.

Mótsstjóri sér um að útvega kynni rétt blöð til aflestrar.

- **Fyrir móttöku:** SJÁ STARFSLÝSINGU MÓTTÖKU.
- **Fyrir hliðverði:** SJÁ STARFSLÝSINGU HLIÐVARÐAR.

## Á MÓTI:

Mótsstjóri sér um að mótið gangi vel og eðlilega fyrir sig er kemur að skipulagi og miðlun upplýsinga.

**Lýsing og tónlist:** Athuga að öll ljós yfir ís séu kveikt og sérstaklega að athuga að hljóðkerfi sé í lagi og rétt stillt.

- Er í stöðugu sambandi við móttöku til að kanna hvort allir séu mættir eða taka á móti upplýsingum.
- Þarf að sjá um að merkingar í höllinni séu í lagi (sjá útprentun gagna bls. 25).
- Fer á panel og nær í þá pappíra sem skulu hengdir upp er varðar úrslit. Mótsstjóri verður að hengja upp úrslitin áður en verðlaunaafhendingin hefst.
- Hefur yfirumsjón með að óviðkomandi aðilar séu ekki inni á lokuðu svæði og sér til þess að á því svæði ríki vinnufriður.
- Fylgist með að fjölmíðafólk sé á þeim stöðum sem þeim hefur verið sagt að vera og miðli til þeirra upplýsingum.
- Sjái til þess að fyrirkomulag og útfærsla verðlaunaafhendinga sé frágengin og í lagi.

Keppandi dregur sig úr keppni - WD

|   |
|---|
| <p>Ef keppandi dregur sig úr keppni þarf mótsstjóri að:</p> <p style="padding-left: 20px;">láta yfirdómara vita</p> <p style="padding-left: 20px;">láta kynni vita</p> <p style="padding-left: 20px;">merkja WD við nafn viðkomandi á upphengdum keppendalistum og láta liðsstjóra vita</p> |
|---|

## EFTIR MÓT:

**Skýrslur um mótt:** Mótsstjóra ber að skila skýrslu um öll mótt á vegum félags hans til mótanefndar ÍSS. **Petta á við um öll mótt (innanfélags-, millifélaga-, ÍSS og alþjóðleg mótt).** Skýrslan skal vera undirrituð af viðkomandi mótsstjóra og send mótanefnd ÍSS innan tveggja vikna frá mótslokum. Skýrslunni skal skilað á eyðublaði sem finna má á Efnisveitu ÍSS.

Skýrslan á að endurspeglar skipulag, gengi mótsins og uppákomur, og er vinnugagn fyrir mótsstjóra og mótanefnd ÍSS. Mikilvægt er að mótsstjórar séu nákvæmir í frásögn sinni af því sem tína þarf til, til upplýsinga fyrir mótanefnd. Greinargóðar mótaskýrslur eru ómetanleg tæki í starfi mótanefndar.

## Yfirmenn dómarapanel

Yfirdómari (referee)

### ER ÆÐSTA ÁKVÖRÐUNARVALD Á MÓTI

Yfirdómari er yfirmaður dómarapanel og forsvarsmaður dómara- og tæknipanel á mótum.

#### **Hlutverk og skyldur yfirdómara:**

- er æðsta ákvörðunarvald á móti
- dregur í keppnisröð
- sér um dómarafundi fyrir og eftir mót/keppnishluta (fyrir móti og round table discussions RTD)
- metur gæði íssins og gefur fyrirmæli til mótsstjóra ef þörf er á úrbótum
- gefur fyrirmæli til kynnis um upphitunarhópa
- metur tímaramma skautara að starti (ISU regla 350), gefur fyrirmæli til kynnis og er ábyrgur fyrir frádrætti í prógrami skv. ISU reglu 353 1n
- getur stöðvað keppni ef þörf krefur
- skal taka þátt í verðlaunaafhendingu ef hægt er
- undirritar úrslit
- úrskurðar um vanhæfi
- úrskurðar um kærur ISU reglu 123 1), 2), 3), 4A) og 5) í Constitution and General regulations.
- svarar fyrirspurnum um reglur ISU og ÍSS er varða keppnisreglur
- skilar skýrslu til ÍSS að loknu móti

Tæknistjórnandi (TC)

Tæknistjórnandi er yfirmaður tæknipanel á mótum.

#### **Hlutverk tæknistjórnanda (ISU reglur 430, 431, 432):**

- staðfestir úrskurði tæknipanel
- undirritar úrslit
- vinnur með yfirdómara við dómarafundi (round table) ef þarf
- sér um fundi tæknipanel fyrir og eftir móti
- tekur þátt í verðlaunaafhendingu ef hægt er

# Starfsfólk-sjálfboðaliðar

Upplýsingar um starfslýsingar **kynnis, tónlistarstjóra, móttöku, hliðvarða og tímavarða** eru settar upp í sér skjöl. Prenta má starfslýsingarnar út sérstaklega til upplýsingar fyrir viðkomandi starfsmenn. Skjölín má finna aftast í mótahandbók.

## Reiknimeistarar

Reiknimeistara er þörf á mórum þar sem dæmt er skv. Kerfi B. Reiknimeistarar slá einkunnir dómara inn í IJS tölvukerfið. Æskilegt er að tveir reiknimeistarar séu starfandi á mórum til að minnka líkur á villum. Gott er að hafa hlaupara sem taka á móti niðurstöðum dómara á mórum og koma til reiknimeistara.

**REIKNIMEISTARAR ÞURFA AÐ VIÐHAFA ÝTRASTA TRÚNAÐ MEÐ ÞAU GÖGN SEM ÞEIR FÁ Í HENDUR SÉRSTAKLEGA VEGNA FLOKKA CHICKS OG CUBS.** Ekki skal senda gögn er varða útreikninga eða úrslit þessara flokka rafrænt. Prenta skal út protokol keppenda í þessum flokkum og koma til þjálfara viðkomandi skautara í lok móts. Sjá bls. 25.

## Hjúkrunarfólk

Æskilegt er að hjúkrunarfólk eða læknar séu viðstaddir keppni ef slys ber að höndum.

## Myndbandsvél fyrir panel

Manna þarf myndbandsvél panels á mórum með sjálfboðaliðum þar sem tölvukerfi IJS (Kerfi A) er notað. Nokkrir einstaklingar geta skipt með sér verkinu og skulu þeir hafa náð 18 ára aldri. Leiðsögn er gefin af tæknimanni á panel.

## Umsjón með verðlaunaafhendingu

Reglur um framkvæmd verðlaunaafhendinga á ÍSS mórum má finna á Efnisveitu ÍSS.

Gott er fyrir mótsstjóra að hafa sérstakan aðila sem hefur umsjón með verðlaunaafhendingu. Sá aðili getur séð til þess að svæði af ís til athafnarinnar sé skemmtilega sett upp á stað sem nægilegt rými er til hennar og viðunandi næði fæst til að skapa skemmtileg andrúmsloft.

ATH. Ekki þarf að nota hljóðkerfi hallarinnar í verðlaunaafhendingu af ís.

- gera þarf verðlaunagripi tilbúna
- skipuleggja keppendur í röðum eftir keppnisflokkum
- sjá um að aðstandendur skautaranna fái rými til myndatöku
- sjá um að skipulag sé gott og ekki myndist kraðak við athafnasvæðið
- ATH. til er texti í Leiðbeiningum fyrir kynnir sem lesa má í upphafi athafnar
- tekur myndir af verðlaunahöfum til að setja á samfélagsmiðla og í fréttatilkynningar

Sami aðili gerir verðlaunaafhendingarsvæði á ís klárt fyrir athöfn, verðlaunapall og deregil.

## Liðsstjórar

Mælst er til að félögjin hafi liðsstjóra á allar keppnir félaganna á Íslandi. Skylda er að hafa liðsstjóra á ÍSS keppnum. Ábyrgð liðsstjóra er gagnvart keppendum félags síns og hefur hann aðgang að aðgangsstýrðu svæði. Liðsstjóri getur komið úr röðum foreldra eða þjálfara (samt ekki þann sem er starfandi þjálfari á mótinu) og skal viðkomandi liði gert ljóst hver hann er sem og mótsstjóra viðkomandi móts og eftirlitsaðila mótanefndar ÍSS, eigi það við.

Hlutverk liðsstjóra er til þess að auðvelda samskipti liðsins innbyrðis en ekki síst samskipti við mótsþaldara. Með því að hafa liðsstjóra er auðveldara að koma tilkynningum á meðan á móti stendur til liðsmanna hvers félags þar sem liðsstjóri myndi sjá um milligöngu upplýsinga. Liðsstjóri aðstoðar einnig keppendur með búnað sinn ef þarf eða sendir keppendur til forráðamanna til að fá aðstoð. Mælst er til þess að félag hafi liðsstjóra þótt keppt sé á móti sem haldið er af féluginu sjálfu.

Liðsstjóri kemur að samskiptum milli skautara og eftirlitsaðila ef um einhverjar kærur væri að ræða.

## 5. kafli Mót

ÍSS skilgreinir mótt á Íslandi í reglugerð 306 um mótt. Tegund móttanna kallar á mismunandi samsetningu panels, tæknibúnaðar og umgjarðar.

Við mönnun panels móta skal fara eftir reglum ÍSS (Handbók starfsfólks á panel) og ISU. Öll mönnun annarra sjálfboðaliða á móttum skal fara eftir handbók þessari.

### Dómarakerfi

Útfærslur dómarakerfa fara eftir umfangi móts og hvaða kerfi er verið að nota. Dómarakerfin skiptast í **Kerfi A, B, C, D og E** allt eftir því hvernig tæknibúnað þau þurfa og hvernig panell skal mannaður (sjá reglugerð 306 um mótt).

ÍSS mannar dómarapanel á öllum móttum á sínum vegum.

Mótsstjórar manna alltaf stöður myndbandsvélar fyrir panel og tímavarðar skv. reglum ISU. Við mönnun panels á móttum skal nota reglugerð 306 um mótt.

#### Kerfi A

ÍSS notar tölvukeyrt dómarakerfi frá ISU. Tölvukerfið ber heitið ISU Judging System (IJS) og er notað í keppnisflokkum ÍSS. Upplýsingar um kerfið má finna á [www.isujudgingsystem.com](http://www.isujudgingsystem.com). Í **Kerfi A** er allt tölvukerfið notað. Þó er hægt að notast við dómgæslu á pappír komi upp bilun.

| Tæknibúnaður           | Stafsmenn  | Úrslit   |
|------------------------|--|--|
| Allt tölvukerfi notað* | <ul style="list-style-type: none"><li>3-5 Dómarar (Yfirdómari/Referee)</li><li>1 Tæknistjórnandi (TC)</li><li>2 Tæknisérfræðingar (TS)</li><li>1 Vídeóklippari</li><li>1 Gagnainnsláttur (DRO)</li><li>1-2 Tæknimaður, eftir þörfum</li><li>Starfsmenn á myndbandsvél (útvegað af félagi)</li><li>Tímaverðir (útvegað af félagi)</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>ISU - Calc</li><li>Yfirdómari</li><li>TC</li></ul> |

\*Hægt er að keyra ÍSS mótt á pappír ef þörf krefur.

#### Kerfi B

Er notað á millifélaga og/eða innanfélagsmóttum fyrir keppnisflokk ÍSS. Dæmt er á pappír og reiknimeistarar og hlauparar notaðir. Dómarablöð eru prentuð úr IJS kerfinu sem dómarar nota til að fylla út meðan á móti stendur. Úrskurðir dómaranna eru síðan færðir inn í IJS kerfið af reiknimeisturum. Hægt að leigja höfuðtól fyrir panel á millifélagamóttum. Prentari þarf að vera á staðnum til að hægt sé að prenta úrslit og protokol til upphengingar fyrir verðlaunaafhendingu.

| Tæknibúnaður   | Stafsmenn  | Úrslit   |
|--|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• tölva</li> <li>• prentari</li> <li>• heyrnartól<br/>(hægt að leigja)</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3-5 Dómarar (Yfirdómari/Referee)</li> <li>• Tæknistjórnandi (TC) og Tæknisérfræðingur (TS) / 2 Tæknisérfræðingar (TS)*</li> <li>• 2 Reiknimeistarar</li> <li>• Tímavörður</li> <li>• Hlauparar</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• ISU - calc</li> <li>• Reiknimeistari</li> <li>• Yfirdómari</li> <li>• TC (eða TS þar sem eingöngu er TS)</li> </ul> |

\* Á innanfélagsmóti nægir hafa 1 Tæknistjórnanda Eða 1 Tæknisérfræðing.

## Kerfi C

Í keppnisflokkum félaganna er notast við Dómarakerfi félaganna. Kerfið er keyrt á Excel forriti. Stjörnublöð eru prentuð út úr kerfinu og afhent keppendum í verðlaunaafhendingu. Fartölva og prentari þurfa að vera á panel.

| Tæknibúnaður   | Stafsmenn  | Úrslit  |
|--|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• tölva (á panel)*</li> <li>• prentari (á panel)</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3 Dómarar (Yfirdómari/Referee)</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Dómarakerfi félaganna</li> <li>• Yfirdómari</li> </ul> |

\*Ekki þarf reiknimeistara í Kerfi C þar sem dómarar sjá um innslátt á meðan þeir dæma.

## Kerfi D

Þar sem keppnisflokkar Special Olympics og Adaptive Skating keppa er notast við Stjörnukerfi SO/AS. Dómarar hafa samráð um um einkunnir sem gefnar eru hverju sinni og skila sameiginlegu áli.

| Tæknibúnaður | Stafsmenn  | Úrslit   |
|--------------|--|--|
|              | <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3 Dómarar (Yfirdómari/Referee)</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirdómari</li> </ul> |

## Kerfi E

Keppnisflokkar Special Olympics hafa sérstakt tölvukerfi á alþjóðlegum mónum.

| Tæknibúnaður | Stafsmenn  | Úrslit   |
|--------------|--|--|
|              | <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3 Dómarar (Yfirdómari/Referee)</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirdómari</li> </ul> |

## Upphitunartímar allra keppnisflokka (tafla)

Special Regulation & Technical Rules (tafla I. 513 og II. 514 og Communication 2242).

| Keppnisflokkar   | Upphitunartími | Max. fjöldi í upphitun         |
|--|----------------|--------------------------------|
| <b>Keppniskerfi ÍSS</b><br>Senior<br>Junior  | 6 mín.         | 6                              |
| <b>Keppniskerfi ÍSS</b><br>Intermediate Ladies/Men<br>Intermediate Novice<br>Advanced Novice (frjálst prógram)<br><b>Keppniskerfi félaga</b><br>18 ára og eldri<br>17 ára og yngri | 5 mín.         | 8                              |
| <b>Keppniskerfi ÍSS</b><br>Chicks, Cubs, Basic Novice<br>Advanced Novice (stutt prógram)<br><b>Keppniskerfi félaga</b><br>15 ára og yngri<br>12 ára og yngri                       | 4 mín.         | 8                              |
| <b>Keppniskerfi félaga</b><br>10 ára og yngri<br>8 ára og yngri<br>6 ára og yngri  | 3 mín.         | 8                              |
| <b>Keppniskerfi SO og AS einstaklings</b><br>Level I<br>Level II<br>Level III<br>Level IV (stutt prógram)<br>Level V (stutt prógram)<br>Level VI (stutt prógram)                   | 4 mín.         | 6                              |
| <b>Keppniskerfi SO og AS einstaklings</b><br>Level IV (frjálst prógram)<br>Level V (frjálst prógram)<br>Level VI (frjálst prógram)   | 6 mín.         | 6                              |
| <b>Keppniskerfi SO, Unified pör og ísdans</b><br>Level I<br>Level II<br>Level III (stutt prógram)  | 4 mín.         | 4 pör<br>(5 einst/lið ísdansi) |
| <b>Keppniskerfi SO, Unified pör og ísdans</b><br>Level III (frjálst prógram)<br>Level IV<br>Level V<br>Level VI  | 5 mín.         | 4 pör<br>(5 einst/lið ísdansi) |

# ÍSS mótt

---

ÍSS mótt eru mótt sem eru haldin eru fyrir keppendur í ÍSS línu. Mótin eru fest niður í félögunum; Haustmótt hjá Skautafélagi Reykjavíkur, Vetrarmót hjá Ungmennafélaginu Fjölni og Vormót hjá Skautafélagi Akureyrar.

Íslandsmót er **ÍSS mótt sem** skiptist í Íslandsmót barna og unglings- og Íslandsmeistaramót. Keppendur á Íslandsmeistaramóti koma úr keppnisflokkum Advanced Novice, Junior og Senior eingöngu. Aðrir keppendur keppa á Íslandsmóti barna og unglings. Aðildarfélög með keppendur á mótinu skiptast á að halda mótið og er mótshaldari tilkynntur af ÍSS í byrjun tímabils.

Dómarar og starfsfólk panels

Panell á ÍSS móttum er mannaður af Mótanefnd ÍSS. Dómarar og tæknifólk skulu hafa réttindi skv. reglugerð ÍSS nr. 306 um mótt.

## Æfingar

Mótsstjóri þarf alltaf að vera viðstaddir á æfingum.

### Opin æfinga

Halda skal opnar æfingar fyrir alla keppendur á ÍSS móttum. Hver æfing er 30 mínútur og er fjöldi skautara á ís takmarkaður á hverri æfingu. Æfingatímar skulu auglýstir og geta keppendur skráð sig á eina æfingu gegn gjaldi. Æfingatímar verða birtir á heimasíðu ÍSS um leið og dagskrá er birt. Keppnistónlist skautara verður ekki leikin á opnum æfingum.

### Starfsfólk á opinni æfingu

- **Hliðvörður** þarf að vera til staðar á opinni æfingu
- **Móttaka** þarf að vera til staðar á opinni æfingu

Starfslýsingar má finna aftast í handbókinni.

### Aðalæfing (Official Practice)

Halda skal aðalæfingu á alþjóðlegum móttum fyrir þá sem keppa í ISU keppnisflokkum Advanced Novice, Junior og Senior. Keppnistónlist keppenda er leikin og tími tónlistar tekinn.

Æskilegt er að ekki sé stytti tími en 4 klukkustundir á milli æfinga og keppni. Æfingin skal vera í samræmi við upphitunarhópa ofangreindra keppnisflokkja. Æfingatími er 30 mínútur á hvern upphitunarhóp. Hægt er að aðlaga æfingatíma t.d. ef blanda á saman upphitunarhópum eða lengja tíma vegna fjölda keppenda. Skal slíkt gert í samráði við yfirdómara.

### Starfsfólk á aðalæfingu

- **Kynnir** – Kynnir keppendur á æfingum og les tímалengd prógramma

- **Tónlistarstjóri/tímavörður** - Tekur tíma prógramma og skráir athugasemdir t.d. endurspilunarstyrk tónlistar
- **Hliðvörður** - Hefur lista yfir hópana og sér um að einungis þeir sem skráðir eru á æfinguna fari inn á ísinn. Sér um að hurðir á ísinn séu lokaðar Starfslýsingar má finna aftast í handbókinni.

## Keppnisröð

Fyrir ÍSS mótt er dregið rafrænt í IJS kerfinu. ÍSS sér um útdrátt í samráði við yfirdómara. Keppnisröð er birt á heimasíðu ÍSS strax eftir að dregið hefur verið.

**Í keppnisflokkum þar sem keppt er með tvö prógröm** fer keppnisröð frjálsa prógramsins eftir öfugri úrslitaröð stutta prógramsins. Sá keppandi sem er síðastur eftir stutt prógram skautar fyrstur í frjálsa.

## Upphitun

Skv. Special Regulation & Technical Rules (tafla I. 513 og II. 514 og Communication 2242). Upphitunartími er skv. töflu á bls 15.

## Upplestur einkunna og Úrslita

Kynnir les upp einkunnir skautara eftir að hann hefur lokið keppni. Mótsstjóri sér um að útvega kynni rétt blöð til aflestrar.

### Advanced Novice, Junior, Senior:

- Stutt prógram: Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn auk sætisraðar.
- Frjálst prógram: Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn ásamt heildareinkunn beggja prógrama og núverandi sætisraðar.

### Intermediate Novice og Intermediate Ladies/Men:

- Lesin er upp heildareinkunn og sætisröð.

### Basic Novice:

- Lesin er upp heildareinkunn

### Chicks og Cubs:

- Einkunnir skulu ekki lesnar upp.

## Verðlaunaafhendingar

Reglur um framkvæmd verðlaunaafhendinga á ÍSS móttum má finna á Efnisveitu ÍSS.

Æskilegt er að mótsstjóri og yfirdómari sjá um að afhenda verðlaun. Bjóða skal tæknistjórnanda að taka þátt. Gott er að skipta verðlaunaafhendingum niður í smærri viðburði t.d. til að fólk þurfi ekki að bíða lengi eða koma aftur seinna um daginn.

Halda má verðlaunaafhendingar í þeim flokkum er hafa lokið keppni í heflunarhléum eða í seinasta lagi í lok keppnisdags (sjá töflu bls. 23).

ATH. Verðlaunaafhendingar á Íslandsmeistaramóti eru með öðru sniði og má finna á bls. 18.

## Úrslit móta

Úrslit úr öllum keppnisflokkum nema Chicks og Cubs skal birta um leið og þau hafa verið yfirfarin af yfirdómara og tæknistjórnanda og fyrir verðlaunaafhendingu. Úrslitin

skulu prentuð og hengd upp á áberandi stað á keppnisstað. Hengja skal upp úrslit **FYRIR VERÐLAUNAAFHENDINGU.** (sjá kafla um útprentun gagna bls. 25).

Úrslit úr IJS kerfi eru tengd beint á heimasíðu ÍSS. Úrslit úr Chicks og Cubs verða ekki sýnileg. Þjálfarar munu fá afrit af protokolum sinna skautara í lok móts hjá yfirdómara (sjá bls. 25).

## Verðlaunaafhending á Íslandsmeistaramótí

Verðlaunaafhending á Íslandsmóti barna og unglings fer fram með sama hætti og á öðrum ÍSS mónum.

Verðlaunaafhendingar í flokkum er keppa til Íslandsmeistaratitils (Advanced novice, junior og senior) skulu vera með öðrum hætti heldur en annarra flokka er keppa á Íslandsmóti. Mótsstjóri skal vera í sambandi við mótanefnd ÍSS um skipulagningu á verðlaunaafhendingunni.

Mótsstjóri, yfirdómari, tæknistjórnandi og formaður ÍSS taka þátt í verðlaunaafhendingu sé hægt að koma því við.

Setja skal upp stórt borð á ísnum með hvítum dúk. Borðið þarf að rúma verðlaunabikara, verðlaunapeninga, blómvendi og skreytingar. ÍSS fáninn skal settur upp aftan við pallinn og til hliðar. Setja má félagsfána þess félags er heldur mótið hinum megin við pallinn. Ef til er íslenskur fáni á stöng má nota hann í athöfninni eða fá skautara til að halda á honum. Útvega þarf aðila til að halda á bökkum með verðlaunapeningum og blómum

Dregill skal settur upp frá hliði þar sem auðvelt er um aðgang fyrir gesti. Gott er að dregill og verðlaunapallur séu á ská frá stúku (slíkt gefur meira pláss fyrir ljósmyndara). Setja skal upp sér svæði á ísnum fyrir ljósmyndara og stúka það af t.d. með grind. Almenningur á ekki að fara inn á ísinn.

Skautarar koma ekki inn á ísinn um sama hlið og þeir sem veita verðlaun.

Vekja skal athygli kynnis og tónlistarstjóra á fyrirkomulagi vegna verðlaunaafhendingarinnar og sjá til þess að þeir séu vel inni í fyrirkomulaginu. Sjá nánar í Leiðbeiningum fyrir kynni.

# Millifélaga- og Innanfélagsmót

---

Mót í þessum kafla eru haldin af aðildarfélögum ÍSS. Keppendur eru félagsmenn aðildarfélaga.

**Innanfélagsmót** er mótt sem haldið er innan eins félags þar sem einungis félagsmenn þess taka þátt.

**Millifélagamót** er mótt þar sem fleiri en eitt félag tekur þátt.

Gefa skal út móttstilkynningu fyrir öll mótt skv. reglum og manna skal panel áður en móttstilkynning er gefin út. Senda skal lista yfir panel til ÍSS ásamt móttstilkynningu 4 vikum fyrir mótt. Viðkomandi móttshaldari sér um að manna panel móta í þessum flokkum skv. reglugerð ÍSS 306 um mótt.

## Tæknibúnaður og dómarapanell

Notast skal við **Kerfi B, C, D eða E** þegar um millifélagamót og innanfélagsmót er að ræða.

### Keppnisflokkar ÍSS

Dómarar, tæknistjórnendur og tæknisérfræðingar skulu vera með viðeigandi dómararéttindi, sjá reglugerð ÍSS nr. 306. **Kerfi B** skal notað og fylla dómarar út úrskurð sinn á pappír sem er slegið inn í IJS kerfið af reiknimeisturum. Aðildarfélögin geta leigt heyrnartól frá ÍSS fyrir dómarapanel.

Þegar **Kerfi B** er notað þarf móttshaldari sjá til þess að calk sé uppfærður með nýjustu útfærslu. Finna má leiðbeiningar og eyðublað á Efnisveitu ÍSS. Senda á staðfestingarkóðann ásamt lista yfir panel til ÍSS auk drögum að móttstilkynningu amk. 4 vikum fyrir mótt.

### Keppniskerfi félaga

**Kerfi C**, dómarakerfi Félagalínu er notað. Dómarar skulu vera með viðeigandi dómararéttindi, sjá reglugerð ÍSS nr. 306. Senda skal lista yfir panel til ÍSS auk drögum að móttstilkynningu amk. 4 vikum fyrir mótt. Finna má eyðublað á Efnisveitu ÍSS.

### Keppniskerfi Special Olympics og Adaptive Skating (SO og AS)

Keppnisflokkar Special Olympics og Adaptive Skating keppa er notast við Stjörnukerfi SO/AS eða **Kerfi D**. Dómarar hafa samráð um um einkunnir sem gefnar eru hverju sinni og skila sameiginlegu álíti.

Dómarar skulu vera með viðeigandi dómararéttindi (sjá reglugerð ÍSS nr. 306). Senda skal lista yfir panel til ÍSS auk drögum að móttstilkynningu amk. 4 vikum fyrir mótt. Finna má eyðublað á Efnisveitu ÍSS.

Dómarar skipta með sér hlutverkum. Einn er yfirdómari og að auki tekur einn að sér að skrá niðurstöður panels.

Keppnisflokkar Special Olympics, SO, nota einnig alþjóðakerfi á alþjóðlegum móttum. Alþjóðakerfi SO er **Kerfi E**.

## Keppnislöð

Yfirdómari móts hefur umsjón með útdrátti í keppnislöð og skal alltaf haga skipulagningu í samráði við hann. Ekki skal draga án samráðs við yfirdómara.

Hægt er að draga rafrænt í keppnislöð; í IJS calki fyrir ÍSS flokka og í dómarakerfi félaganna fyrir keppnisflokkum félaganna. Einnig er hægt að draga með númeruðum teningum. Keppnislöð skal birta á heimasíðu mótsstaðara strax eftir útdrátt.

Í keppnisflokkum þar sem keppt er með tvö prógröm getur keppnislöð frjálsa prógrampsins farið eftir öfugri úrslitaröð stutta prógrampsins. Sá keppandi sem er síðastur eftir stutt prógram keppir fyrstur í frjálsa. Þó má draga í keppnislöð fyrir frjálst prógram sérstaklega en eingöngu í samráði og samvinnu við yfirdómara.

## Upphitun

Skv. Special Regulation & Technical Rules (tafla I. 513 og II. 514 og Communication 2242) sjá töflu á bls. 15.

## Úrslit móta

Mótsstjóri sér um að útvega kynni rétt blöð til aflestrar og hengir úrslit upp á mótsstað strax og þau eru kunn en fyrir verðlaunaafhendingu. (sjá útprentun gagna bls. 25)

REIKNIMEISTARAR PURFA AD VIÐHAFA ÝTRASTA TRÚNAÐ MEÐ PAU GÖGN SEM PEIR FÁ Í HENDUR SÉRSTAKLEGA VEGNA FLOKKA CHICKS OG CUBS.

## Birting úrslita

### Á mótsstað

Úrslit úr öllum ÍSS keppnisflokkum, **nema** Chicks og Cubs skal birta um leið og þau hafa verið yfirfarin af yfirdómara og tæknistjórnanda/tæknisérfræðingi og fyrir verðlaunaafhendingu. Úrslitin annarra flokka skulu prentuð út og hengd upp á áberandi stað á keppnisstað.

### Á heimasíðu mótsstaðara

Úrslit allra móta skulu birt strax á heimasíðu mótsstaðara en ekki seinna sama dag og móti lýkur.

Úrslit úr IJS kerfi (Kerfi B) skulu tengd beint á heimasíðu mótsstaðara. Skal sú tenging vera orðin virk þegar úrdráttur hefur átt sér stað fyrir móti.

Úrslit úr Chicks og Cubs verða ekki sýnileg. Þjálfarar eiga að fá afrit af protokolum sinna skautara í mótslok. Yfirdómari klippir niður protokolin og setur í umslög merkt viðkomandi félagi og afhendir þjálfara (sjá bls. 25).

Nöfn verðlaunahafa í Félagalínu, **nema** 10 ára og yngri, 8 ára og yngri og 6 ára og yngri flokkum, skulu birt á heimasíðu mótsstaðara. Í öðrum keppnisflokkum skal tilgreina nöfn verðlaunahafa í sætisröð en nöfn annarra keppenda skal vera í keppnislöð. Allir keppendur fá afhent stjörnublöð.

Keppendur í Félagalínu aldursflokkum 10 ára og yngri, 8 ára og yngri og 6 ára og yngri skulu nafngreindir í keppnisröð. Ekki skulu veitt verðlaun í þessum flokkum en allir keppendur fá afhent stjörnublöð.

Úrslit í SO og AS skulu birt opinberlega af mótsþaldara. Nöfn keppenda allra flokka skulu birt í úrslitaröð.

Verðlaunaafhendingar (sjá töflu bls. 23)

Æskilegt er að mótsstjóri og yfirdómari sjái um að afhenda verðlaun. Bjóða skal tæknistjórnanda að taka þátt. Gott er að skipta verðlaunaafhendingum niður í smærri viðburði t.d. til að fólk þurfi ekki að bíða lengi eða koma aftur einna um daginn. Halda má verðlaunaafhendingar í þeim flokkum er hafa lokið keppni í heflunarhléum eða í seinasta lagi í lok keppnisdags (sjá töflu bls. 23).

Aldrei eru veittir titlar í **Chicks, Cubs, Basic Novice, Intermediate Novice og Intermediate Ladies/Men** keppnisflokkum né Félagalínuflokkum.

### Fyrirkomulag

Eldri flokkar ÍSS línu og Félagalínu

#### **Intermediate Novice, Intermediate Ladies/Men, Advanced Novice, Junior & Senior**

Lesa skal efstu þrjá keppendur upp í öfugri úrslitaröð (þriðja sætið fyrst, síðan annað og loks fyrsta sætið og sigurvegarann. Aðrir koma á eftir í úrslitaröð).

#### **15 ára og yngri, 17 ára og yngri og 18 ára og eldri**

Kynnir les upp úrslit af útprentuðu blaði frá reiknimeistara sem er staðfest af yfirdómara og tæknisérfræðingi (einungis yfirdómara í dómarakerfi félaganna).

Lesa skal efstu þrjá keppendur upp í öfugri úrslitaröð (þriðja sætið fyrst, síðan annað og loks fyrsta sætið og sigurvegarann). Stjörnublöð afhent í úrslitaröð.

Yngri flokkar í ÍSS línu og Félagalínu

### Yngri flokkar mega ekki nota verðlaunapall (ATH töflu bls.23)

#### **Chicks, Cubs & Basic Novice**

Í Basic Novice skal afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í öfugri úrslitaröð (þriðja sætið fyrst, síðan annað og loks fyrsta sætið og sigurvegarann).

Þátttökuviðurkenningar skulu afhentar í **keppnisröð**.

Í Chicks og Cubs skulu þátttökuviðurkenningar afhentar í **keppnisröð**.

#### **6 ára og yngri, 8 ára og yngri, 10 ára og yngri og 12 ára og yngri**

Í 12 ára og yngri skal afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í öfugri úrslitaröð (þriðja sætið fyrst, síðan annað og loks fyrsta sætið og sigurvegarann). Stjörnublöð skulu afhent í **keppnisröð**.

Í 6 ára og yngri, 8 ára og yngri og 10 ára og yngri eru ekki veitt verðlaun en Stjörnublöð afhent í **keppnisröð**.

## Keppnisflokkar Special Olympics og Adaptive Skating

Skv. reglum Special Olympics er öllum keppendum í öllum keppnishópum raðað í sæti. Þar sem eru fleiri en 3 keppendur fá þeir sem ekki lenda í verðlaunasæti þátttökuviðurkenningar.

Lesa skal efstu þrjá keppendur upp í öfugri úrslitaröð (þriðja sætið fyrst, síðan annað og loks fyrsta sætið og sigurvegarann. Aðrir koma á eftir í úrslitaröð).

Barnaflokkar mega ekki nota verðlaunapall; 8 ára og yngri og 9-11 ára (sjá töflu bls. 23).

# Verðlaunaafhendingar (tafla)

| Mót  | Keppnisflokkur   | Staðsetning                               | Hverjir taka þátt | Verðlauna pallur  | Viðurkenningskjöl                             |
|--|--|---|-------------------|-------------------|---|
| ÍSS móti   | Senior, junior, ad. nov  | á ís ef hægt er (ath.reglur á efnisveitu) | verðlauna-hafar   | já                | Í K&C   |
| ÍSS móti   | Intermediate ladies, Intermediate novice   | helst af ís (ath.reglur á efnisveitu)     | verðlauna-hafar   | já                | Í K&C   |
| ÍSS móti   | Basic novice, Cubs, Chicks   | helst af ís (ath.reglur á efnisveitu)     | allir             | nei               | í verðlaunaaf hendingu                        |
| Millifélaga og innanfélagsmóti                         | <b>ÍSS lína:</b> Senior, junior, ad. nov, Int. ladies, Int. novice<br><b>Félagalína:</b> 15 ára og yngri, 17 ára og yngri og 18 ára og eldri | mótshaldari ræður                         | mótshaldari ræður | mótshaldari ræður | mótshaldari ræður (Stjörnublöð f. félagalínu) |
| Millifélaga og innanfélagsmóti                         | <b>SO og AS:</b> eldri flokkar   | mótshaldari ræður                         | allir             | mótshaldari ræður | mótshaldari ræður                             |
| Millifélaga og innanfélagsmóti                         | <b>ÍSS lína:</b> Basic novice, cubs, chicks<br><b>Félagalína:</b> 6 ára og yngri, 8 ára og yngri, 10 ára og yngri og 12 ára og yngri         | mótshaldari ræður                         | mótshaldari ræður | nei               | mótshaldari ræður (Stjörnublöð f. félagalínu) |
| Millifélaga og innanfélagsmóti                         | <b>SO og AS:</b> 8 ára og yngri og 9-11 ára  | mótshaldari ræður                         | allir             | nei               | mótshaldari ræður                             |
| Open International, Interclub móti, Íslandsmeistaramót | Senior, junior, Advanced novice  | á ís ef hægt er                           | verðlauna-hafar   | já                | Í K&C   |
| Open International, Interclub móti                     | Intermediate ladies, Intermediate novice   | af ís                                     | verðlauna-hafar   | já                | Í K&C   |
| Open International, Interclub móti                     | Basic novice, cubs, chicks og aðrir  | af ís                                     | allir             | nei               | í verðlaunaaf hendingu                        |

# Útreikningur tímaplans móta

Gera þarf dagskrá fyrir móttöld og reikna út tímavældi þess þ.e.a.s. hve langan tíma það tekur í dæmingu, hlé, heflanir og verðlaunaafhendingu.

Einnig þarf að gera ráð fyrir fundum dómarar (Round Table Discussion-RTD). Alltaf þarf að senda yfirdómara tímaplaninum en hann getur komið með athugasemdir varðandi útreikning og heflanir og þarf þá að breyta útreikningi skv. hans óskum.

Best er að reikna móttöld út í Excel forritinu. Finna má leiðbeiningar á Efnisveitu ÍSS.

# HVAÐ SKAL PRENTA ÚT OG BIRTA

---

Úr IJS kerfi (ÍSS lína):

## TIL UPPHENGINGAR FYRIR KEPPNI:

Prenta út og hengja upp

- Keppnisröð allra flokka
- Lista yfir dómara allra flokka
- Keppnisröð seinni dags þeirra skautara sem eru með tvö prógröm
- Heildarúrslit og protokol allra flokka nema Chicks og Cubs FYRIR VERÐLAUNAAFHENDINGU!

## TIL AFHENDINGAR

- Prótokol Chicks og Cubs

Yfirdómari skal hafa umsjón með að protokol skautara í Chicks og Cubs séu prenntuð út, klippt niður og sett í umslög merkt viðkomandi félagi. Umslögin skulu límd aftur.

Yfirþjálfari eða umsjónarþjálfari skulu veita umslagi sinna skautara viðtöku.

---

Úr dómarkerfi félaganna (félagalína):

## TIL UPPHENGINGAR FYRIR KEPPNI:

Prenta út og hengja upp

- Keppnisröð allra flokka
- Lista yfir dómara mótsins

## TIL AFHENDINGAR

- Stjörnublöð fyrir alla keppendur (ath. þykkan pappír)

---

## Önnur gögn:

Merkja þarf sérstök svæði eins og móttöku, búningsklefa, hlið, lokuð svæði, upplýsingatöflu fyrir úrslit og þ.h. (bulletin board), dómaraherbergi og afdrep sjálfboðaliða. Mótsstjóri sér til þess að merkingar séu uppsettar áður en æfingar fyrir mótt hefjast.

Mótsstjóri þarf að sjá um að prenta nafnaspjöld fyrir þá er hafa aðgang að aðgangsstýrðu svæði á mótinu.

Allt starfsfólk panels, mótsstjóri, aðstoðarmótsstjóri, eftirlitsaðili, liðsstjórar, þjálfarar, móttaka, kynnar, tónlistarstjórar, tímaverðir, vídeóvél, kaffiveitingar og öll þau störf er þurfa aðgang að svæðinu. Móttaka sér um að útbýta nafnaspjöldum til sjálfboðaliða og félaganna (vegna liðsstjóra og þjálfara). Yfirdómari kemur nafnspjöldum á starfsfólk panels.

# Alþjóðleg móttálist ISU, (Open International og Interclub)

---

Alþjóðleg móttálist ISU (Open International Competitions og Interclub Competitions), sem eru skipulögð af ÍSS í samstarfi við aðildarfélög. Þau alþjóðlegu móttálistar sem Skautasambandið heldur eru Reykjavík International Games og Norðurlandamót. Reykjavík International Games skiptis í *Open International* hluta og *Interclub* hluta. Á *Open International* móti keppa keppnisflokkar Advanced Novice, Junior og Senior eingöngu. Aðrir keppnisflokkar keppa á *Interclub* móti.

## Dómarar og starfsfólk panels

Á alþjóðlegum móttum skal mönnun panels vera skv. reglum ISU (sjá nýjustu útgáfu Constitution & General Regulations). ÍSS sér alfarið um að manna panel þessara móta.

## Starfsmenn móts (sjálfboðaliðar)

Mönnun sjálfboðaliða á alþjóðlegum móttum er haldin eru af ÍSS er samstarf milli mótanefndar ÍSS og aðildarfélaganna sem eiga keppendur á mótinu. Hvert félag skal útvega 15 sjálfboðaliða að lágmarki til að manna í stöður mótsins. Mótanefnd ÍSS heldur utan um starfsmannaþörf og eru mótsstjórar félaganna milliliðir mótanefndar við félög sín.

## Verðlaun og viðurkenningar

Mótanefnd ÍSS sér um verðlaun og viðurkenningarskjöl.

## Æfingar á móttum

### Aðalæfing (Official Practice)

Halda skal aðalæfingu á alþjóðlegum móttum fyrir þá sem keppa í ISU keppnisflokkum Advanced Novice, Junior og Senior. Keppnistónlist keppenda er leikin og tími tónlistar tekinn.

Æskilegt er að ekki sé styttri tími en 4 klukkustundir á milli æfinga og keppni. Æfingin skal vera í samræmi við upphitunarhópa ofangreindra keppnisflokkja. Æfingatími er 30 mínútur á hvern upphitunarhóp.

## Starfsfólk á aðalæfingu

- **Kynnir** – Kynnir keppendur á æfingum og les tímalengd prógramma
  - **Tónlistarstjóri/tímavörður** - Tekur tíma prógramma og skráir athugasemdir t.d. endurspilunarstyrk tónlistar
  - **Hliðvörður** - Hefur lista yfir hópana og sér um að einungis þeir sem skráðir eru á æfinguna fari inn á ísinn. Sér um að hurðir á ísinn séu lokaðar
- Starfslýsingar má finna aftast í mótabókinni.

## Opin æfing

Halda má opna æfingu fyrir keppendur á Interclub móti ef hægt er að koma því við. Keppendum skal skipta upp í hæfilega stóra hópa og er hver æfingatími er 30 mínútur. Keppnistónlist keppenda er ekki leikin á opnum æfingum.

## Starfsfólk á opinni æfingu

Hliðvörður þarf að vera til staðar á opinni æfingu. Hans hlutverk er að sjá til þess að einungis þeir sem skráðir eru á æfinguna fari inn á ís og að þeir virði tímalengd æfinganna.

Starfslýsingar má finna aftast í mótaþandbókinni.

## Keppnisröð

Dregið er rafrænt í IJS kerfinu. Æskilegt er að tveir einstaklingar séu viðstaddir þegar dregið er og annar þeirra sé yfirdómari mótsins ef hægt er að koma því við.

Keppnisröð skal birta á heimasíðu ÍSS strax eftir að dregið hefur verið.

Í keppnisflokkum þar sem keppt er með tvö prógröm fer keppnisröð frjálsa prógramsins eftir öfugri úrslitaröð stutta prógramsins. Sá keppandi sem er síðastur eftir stutt prógram keppir fyrstur í frjálsa.

## Upphitun

Skv. Special Regulation & Technical Rules (tafla I. 513 og II. 514 og Communication 2242). Sjá töflu á bls. 15.

## Upplestur einkunna og úrslita

Kynnir les upp einkunnir skautara eftir að hann hefur lokið keppni skv. leiðbeiningum fyrir kynni.

### **Advanced Novice, Junior og Senior:**

- Stutt prógram: Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn auk sætisraðar.
- Frjálst prógram: Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn ásamt heildareinkunn beggja prógramma og núverandi sætisraðar.

### **Basic Novice , Intermediate Novice og Intermediate Ladies/Men:**

- Lesin er upp heildareinkunn.

### **Chicks og Cubs:**

- Einkunnir skulu ekki lesnar upp.

## Verðlaunaafhendingar

Æskilegt er að mótsstjóri og yfirdómari sjái um að afhenda verðlaun en einnig má bjóða sérstökum gestum þáttöku. Bjóða skal Tæknistjórnanda að taka þátt. Halda skal verðlaunaafhendingar í lok keppnisdags eða keppnishluta.

## Fyrirkomulag

### **Verðlaunaafhendingar í keppnisflokkum á ISU móti fara fram Á ís.**

Í flokkum Advanced novice, Junior og Senior taka einungis verðlaunahafar þátt í verðlaunaafhendingu. Færa má verðlaunaafhendingu AF ís gefi dagskrá mótsins tilefni til. Viðurkenningaskjöl skulu afhent hverjum keppanda í Kiss & Cry eftir að hann hefur lokið keppni.

Lesa skal verðlaunahafa upp í öfugri úrslitaröð (þriðja sætið fyrst, síðan annað og loks fyrsta sætið og sigurvegarann). Kynnir les upp úrslit staðfestum af yfirdómara og tæknisérfræðingi og fer að kynningu eftir Leiðbeiningum fyrir kynni. Mótsstjóri sér um að útvega kynni rétt blöð til afestrarar.

Þjóðsöngur sigurvegara skal leikinn í verðlaunaafhendingu.

### **Verðlaunaafhendingar á Interclub móti ÍSS fara fram AF ís.**

Finna skal rúmgott svæði fyrir verðlaunapall. Einungis eldri keppendur mega nota verðlaunapall (sjá töflu bls. 23).

Í öllum flokkum taka einungis verðlaunahafar þátt í verðlaunaafhendingu. Viðurkenningarskjöl skulu afhent hverjum keppanda í Kiss & Cry eftir að hann hefur lokið keppni. Þó má bjóða öllum keppendum í Basic novice að taka þátt í verðlaunaafhendingu og skal þeim þá afhent þátttökuvíðurkenning við það tækifæri.

Sé keppt í flokkum SO og AS skulu verðlaunaafhendingar í þeim flokkum fara fram í samræmi reglur SO (bls. 23).

Í flokkum Chicks og Cubs eru ekki veitt verðlaun. Athöfn er haldin að lokinni keppni þar sem afhentar verða þátttökuvíðurkenningar.

### **Úrslit móta**

Úrslit úr öllum keppnisflokkum, nema Chicks og Cubs, skal birta um leið og þau hafa verið yfirfarin af yfirdómara og tæknistjórnda og fyrir verðlaunaafhendingu. Úrslitin skulu prentuð og hengd upp á áberandi stað á keppnisstað.

Úrslit úr IJS kerfi skulu tengd beint á heimasíðu ÍSS.

## 6. kafli Eftir mótt

---

### Kærur og kvartanir

Mótsstjóri tekur á móti kærum og kvörtunum vegna móta á hans forræði og kemur til réttra aðila. Meðhöndla skal kærur og kvartanir á eftifarandi hátt:

- Vegna úrslita. Vísað til yfirdómara móts. Kærur eru meðhöndlæðar skv. ISU reglu 123 1), 2), 3), 4A) og 5) í Constitution and General regulations. Kærur skulu vera skriflegar. Yfirdómari móts úrskurðar í kærumálum og er úrskurður hans endanlegur. ATH gjald er tekið fyrir kærur skv. reglu ISU. Geta skal kæru í skýrslu mótsstjóra, taka skal fram efni og afgreiðsla kærunnar.
- Vegna framkvæmdar móts. Vísað til mótanefndar (vegna ÍSS, Open International og Interclub móta) eða mótshaldara (vegna millifélaga og innanfélagsmóta). Geta skal í skýrslu mótsstjóra um innihald, meðferð og niðurstöðu.
- Vegna einstaklinga varðandi brot á siðareglum eða hegðunarviðmiðum. Berist kvartanir vegna framkomu íþróttamanna, þjálfara, sjálfboðaliða eða aðstandenda til mótsstjóra skal viðkomandi senda hana áfram á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is). Farið verður með allar kvartanir sem trúnaðarmál. Geta skal í skýrslu mótsstjóra að kvörtun hafi borist og hvert henni hafi verið vísað.

Allar kærur eða kvartanir sem koma til kasta mótsstjóra og viðbrögð við þeim, skulu skráðar í skýrslu móts.

### Skýrslur

Mótsstjóri þarf að skila skýrslu um mótt það sem hann er í forsvari fyrir. Skýrslum skal skilað eftir öll mótt á Íslandi innan tveggja vikna frá mótslokum. Skýrslum skal skilað til mótanefndar á [motanefnd@iceskate.is](mailto:motanefnd@iceskate.is) og [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is). Eyðublað fyrir skýrsluskil má finna á Efnisveitu ÍSS.

Hvað skal koma fram í skýrslu:

- úrslit móts
- keppendafjöldi (bæði skráðir, WD og mættir)
- listi starfsmanna á panel
- kærur og kvartanir og meðhöndlun þeirra
- uppákomur s.s. bilanir á búnaði, seinkanir, breyting á dagskrá eða slys. Tilgreina þarf ástæðu og úrlausn
- ef misräemi er á upplýsingum er koma fram milli móttstilkynningar og framkvæmdar móts, skrá skal ástæðu og meðhöndlun
- tengill í móttstilkynningu á heimasíðu mótshaldara
- tengill í úrslit á heimasíðu mótshaldara

Yfirdómari móts skilar skýrslum mótt sem hann er í forsvari fyrir á eyðublaði sem finna má á Efnisveitu ÍSS. Skýrslu skal skilað á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is) innan tveggja vikna frá mótslokum.

## 7. kafli Tenglar

---

- ISU Constitution and General Regulations

<https://isu.org/inside-isu/rules-regulations/isu-statutes-constitution-regulations-technical>

- ISU Special Regulations and Technical Rules

<https://isu.org/figure-skating/rules/fsk-regulations-rules/file>

<https://isu.org/figure-skating/rules/fsk-communications/20853-isu-communication-2242/file>

- Handbækur ISU

<https://isu.org/figure-skating/rules/sandp-handbooks-faq>

- Handbók Special Olympics

<https://www.specialolympics.org/get-involved/coach/about-special-olympics-competitions-results-schedules?fbclid=IwAR1uiZS0bAb7cpvmWldJD5NmOuPEQj2ho09vwYFyazdtmkeyANjVQiG5Ouo>

- Móta- og keppendareglur ÍSÍ

[http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/mota\\_og\\_keppendareglur.pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/mota_og_keppendareglur.pdf)

- Keppnisreglur ÍSS

<http://www.iceskate.is/iss-reglur/>

- Keppnisreglur Félaganna

<http://www.iceskate.is/keppniskerfi-felaganna/>

- Keppnisreglur SO og AS

[https://media.specialolympics.org/resources/sports-essentials/sport-rules/Sports-Essentials-Figure-Skating-Rules-2018-v2.pdf?\\_ga=2.186737704.1405391240.1533830744-576028979.1489161973&\\_gac=1.40511254.1531320491.EA1aIQobChM10vmhraWX3AlVx5yzCh2Oag6oEAAYASAAEgI52vD\\_BwE](https://media.specialolympics.org/resources/sports-essentials/sport-rules/Sports-Essentials-Figure-Skating-Rules-2018-v2.pdf?_ga=2.186737704.1405391240.1533830744-576028979.1489161973&_gac=1.40511254.1531320491.EA1aIQobChM10vmhraWX3AlVx5yzCh2Oag6oEAAYASAAEgI52vD_BwE)

- Reglugerðir ÍSS um mótanefnd og mótt

<http://www.iceskate.is/reglugerdir/>

- Listi yfir starfandi dómara og tæknifólk

<http://www.iceskate.is/starfsfolk-a-panel/>

- Leiðbeiningar fyrir kynni

[http://www.iceskate.is/wp-content/uploads/2018/09/Leiðbeiningar-fyrir-kynnir\\_201819.pdf](http://www.iceskate.is/wp-content/uploads/2018/09/Leiðbeiningar-fyrir-kynnir_201819.pdf)

Á Efnisveitu ÍSS má finna

- Skýrsla yfirdómara
- Skýrsla mótsstjóra
- Mótstilkynningu
- Innihaldslýsingar
- Tímaútreikningarblað og leiðbeiningar
- Skjal um verðlaun og viðurkenningar
- Skjal um Verðlaunaafhendingar á ÍSS mónum
- Önnur skjöl

# Starfslýsing Kynnir

---

KYNNIR ÞARF AÐ VERA MÆTTUR Á SINN STAÐ A.M.K. 15 MÍNÚTUM ÁÐUR EN KYNNING Á AÐ HEFJAST.

**Kynnir þarf að hafa náð 18 ára aldri.** Nauðsynlegt er að hann sé skýrmæltur og geti unnið undir álagi. ATH. Varast skal að setja kynni á of langar vaktir Ekki skal skipta um kynni í miðjum keppnisflokk. Ekki þarf að nota sama kynni á móti og í verðlaunaafhendingu.

**Kynnir tekur eingöngu við fyrirmælum um kynningu og tónlist frá yfirdómara (mótsstjóri skal sjá til þess að óviðkomandi trufli ekki kynni á meðan hann er við störf).** Gott er að eiga stuttan fund með yfirdómara fyrir kynningu. Á meðan á móti stendur á kynnir samskipti við yfirdómara í gegn um talstöð. Eingöngu mótsstjóri kemur tilkynningum sem skal kynna á mótinu til kynnisins.

Við kynningu á mónum á að nota skjalið Leiðbeiningar fyrir kynnir sem mótanefnd ÍSS gefur út. Mikilvægt er að tileinka sér leiðbeiningarnar með góðum fyrirvara fyrir móti. **Ekki skal breyta uppsetningu né innihaldi Leiðbeiningar fyrir kynnir á annan hátt en að fylla má út í línum þar sem við á.**

## Búnaður og gögn

**Nauðsynlegur búnaður kynnis á mónum er:** hljóðnemi, talstöð og skeiðklukka. Kynnir gengur úr skugga um það að þessir hlutir séu til staðar og virki sem skyldi.

**Nauðsynleg gögn kynnis á mónum eru:** Leiðbeiningar fyrir kynni, dagskrá móts, keppendalistar, listi yfir starfsfólk panels í öllum keppnisflokkum, hverjir veita verðlaun, úrslit og allar tilkynningar sem kynnir skal lesa upp. Þetta skal útvegað af mótsstjóra.

Kynnir skal ganga úr skugga um að hann sé með öll gögn fyrir kynningu áður en hann hefur störf.

## Almennt

Kynnir og tónlistarstjóri þurfa að vera til staðar á aðalæfingum (Official practice) Íslandsmeistaramóts og Alþjóðlegum mónum á vegum ÍSS. Æskilegt er að sömu manneskjur séu á aðalæfingum/”Official practice” og á keppnum í sömu flokkum.

Tímavarsla á aðalæfingum er framkvæmd af kynni og tónlistarstjóra.

## Verkefni kynnis eru eftirfarandi:

- er yfirmaður tónlistarstjóra.
- les upp nöfn starfsmanna á panel, keppenda, einkunnir, verðlaunahafa og tilkynningar frá mótshaldara.
- kynnir aðalæfingar á Íslandsmeistaramóti og alþjóðlegum mónum ÍSS.

- fylgir leiðbeiningum yfirdómara um fyrirkomulag. Gott er að ræða við yfirdómara fyrir mótt ef því verður við komið. Kynnir þarf að geta haft samband við yfirdómara (referee) í gegn um talstöð.
- tilkynna upphitunarhópa og fylgja nákvæmlega leiðbeiningum yfirdómara þar um.
- minna áhorfendur á að ekki má nota myndavélar með flassi við myndatökur ef þarf.
- kynnir þarf að hafa **skeiðklukku** til tímatöku á upphitunartíma og lengd prógramma á aðalæfingum. EKKI SKAL NOTA SÍMA VIÐ TÍMATÖKU.

KYNNIR Á AÐ HAFA SLÖKKT Á SÍMA SÍNUM Á MEÐAN HANN ER VIÐ STÖRF OG SJÁ TIL ÞESS AÐ TÓNLISTARSTJÓRI GERI SLÍKT HIÐ SAMA.

# Starfslýsing Tónlistarstjóri

---

TÓNLISTARSTJÓRI ÞARF AÐ VERA MÆTTUR Á SINN STAÐ A.M.K. 15 MÍNÚTUM ÁÐUR EN KYNNING Á AÐ HEFJAST.

Tónlistarstjórar þurfa að hafa náð 18 ára aldrí, eru hægri hönd kynnis og lúta fyrirmælum hans.

Tónlistarstjóri sér um spilun tónlistar og styrk hennar. Ganga skal úr skugga um að hljóðkerfi séu rétt stillt **ÁÐUR EN KEPPNI HEFST.**

Tónlistarstjóri má ekki stöðva tónlist að eigin frumkvæði. Yfirdómari kemur fyrirmælum til kynnis um spilun tónlistar og skal tónlistarstjóri fara eftir því.

## Verkefni tónlistarstjóra:

- að fylgja fyrirmælum kynnis.
  - hafa dagskrá móts og keppendalista við hendina.
  - gæta skipulags við uppröðun tónlistar upphitunarhópa.
  - skrifa hjá sér nauðsynlegar upplýsingar um tónlistina (hækka eða lækka) á aðalæfingu/”Official practice” (Íslandsmeistaramót og alþjóðleg móti ÍSS).
  - Gott er að sami tónlistarstjóri sé á vakt við aðalæfingu og keppni hjá sömu flokkum en þó ekki nauðsynlegt.
  - varlega skal fara í að breyta styrk tónlistar á meðan á prógrammi stendur. Þó skal laga styrk endurspilunar tónlistar þyki hún of lág eða of há í prógraminu.
  - ef eitthvað ófyrirsjáanlegt gerist á ísnum skal beðið eftir fyrirmælum frá yfirdómara.
  - taka eftir hvenær í prógrami truflun á sér stað til að geta byrjað tónlist á þeim stað.
- Yfirdómari ákveður fyrirkomulag ef hefja skal spilun tónlistar aftur.

Tónlistarstjóri skal gefa keppanda tíma til að koma sér fyrir á ísnum, gott er að telja hægt upp að þremur eftir að keppandi hefur tekið sér stöðu áður en kveikt er á tónlistinni.

EKKI SKAL NOTA SÍMA VIÐ TÍMATÖKU NÉ ENDURSPILUN TÓNLISTAR. SLÖKKT SKAL VERA Á SÍMUM Í KYNNISBÚRI.

# Starfslýsing Tímavörður

---

Tímavörður þarf að hafa náð 18 ára aldri. Þó má einstaklingur 16 ára eða eldri sjá um tímatöku ef hann hefur tekið dómaranámskeið. Keppandi á viðkomandi móti getur ekki gegnt stöðu tímavarðar né keppandi í viðkomandi keppnisflokkji þótt hann sé ekki keppandi á mótinu.

Tímavörður situr fyrir aftan yfirdómara og aðstoðar hann við tímatöku á mónum. Slíkt er gert með skeiðklukku og undir leiðsögn yfirdómara. Mótshaldari útvegar sjálfboðaliða í tímatöku skv. reglu ISU nr. 336 í Special regulations and technical rules.

Tímavörður þarf að vera til taks á panel áður en upphitun hefst. Ekki skal skipta um tímavörð í miðjum keppnishópi. Nauðsynlegt er að vaktir tímavarðar fylgi vakt panels.

**EKKI MÁ NOTA SÍMA VIÐ STÖRF Á PANEL OG SÉ TÍMAVÖRÐUR MEÐ SÍMA Á SÉR ÞARF AÐ VERA SLÖKKT Á HONUM ÞANN TÍMA SEM HANN STARFAR.**

Trúnaður ríkir um störf panels á mónum og ber tímaverði að hafa það í huga.

ATH. Tímavarsla á aðalæfingum (Official practice) er framkvæmd af kynni og tónlistarstjóra.

# Starfslýsing Móttaka

---

Starfsmaður þarf að hafa náð 18 ára aldri. Móttaka verður að vera til staðar allan móttímum.

Móttaka þarf að vera til staðar fyrir bæði æfingar og keppni.

Mótsstjóri útvegar starfsmanni lista yfir keppendur/báttakendur á æfingu og keppni, lista yfir hverjir eiga að fá aðgangspassa og nauðsynlegar tengiliðaupplýsingar fyrir tilkynningar (mótsstjóri verður að fá staðfest hjá móttöku um að allir keppendur séu mættir).

Móttaka getur einnig vaktað inngang lokaðs svæðis keppenda og leiðbeint um það. Einungis þeir sem bera nafnspjöld hafa aðgang að lokuðu svæði.

## Hlutverk móttöku er að:

- taka á móti keppendum og merkja við nafn þeirra (æfingum og keppni)
- gefa upplýsingar um dagskrá, taka við skilaboðum til mótsstjóra
- útdeila aðgangspössum og vakta inngang aðgangsstýrðs svæðis
- útdeila dagskrá
- taka á móti tónlist keppenda og koma til kynnis og tónlistarstjóra og aftur til keppenda eftir móttöku.
- ef keppandi hefur ekki mætt, á æfingu eða til keppni, þarf að tilkynna það til samstundis til mótsstjóra
- ef skautari mætir á æfingu en er ekki skráður á lista skal mótsstjóri láttinn vita
- vísar keppendum á þau búningsherbergi sem skal nota

# Starfslýsing Hliðverðir

---

Hliðverðir þurfa að hafa náð 18 ára aldrí.

## Hlutverk hliðvarða

Hliðverðir sjá um að hleypa skauturum inn og út af ísnum og að hlið séu lokuð á meðan keppandi skautar prógram sitt.

Hliðverði þarf á öll hlið sem notuð eru á keppninni og skulu þau vera vel merkt. Önnur hlið skulu ekki notuð.

Áður en skauturum er hleypt inn á ísinn eiga þeir að vera tilbúnir við viðeigandi hlið.

Hliðvörður fer yfir hvort allir séu mættir. Hliðvörður hleypir skautara/urum inn á ísinn eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

## EKKI SKAL SKIPTA UM HLIÐVERÐI Í MIÐJUM KEPPNISFLOKKI

### á æfingu (opinni og aðal):

- sjá til þess að einungis skautarar í viðkomandi æfingahópi fari inn á ísinn eftir að þeir hafa verið kynntir af kynni á aðalæfingu (**ATH. skautarar mega ekki stíga inn á fyrr en kynnir hefur boðið þá velkomna á ísinn því slíkt hefur tímatóku!**)
- sjá til þess að einungis skautarar í viðkomandi æfingahópi fari inn á ísinn sem eru skráðir á æfingu, hvort sem er opna eða aðalæfingu
- merkja við hverjir eru á æfingunni og láta mótsstjóra vita ef einhvern vantar (ef skautari sem er ekki skráður mætir á æfinguna á ekki að hleypa honum inn á heldur láta mótsstjóra vita)
- tryggja að lengd opinna æfingatíma séu virt
- opna og loka hliði fyrir keppendum þegar þeir fara inn/út af ísnum

### á keppni:

- sjá til þess að einungis skautarar í viðkomandi upphitunarhópi fari inn á ísinn eftir að þeir hafa verið kynntir í keppni. Skauturum skal ekki hleypt inn á ísinn fyrr en kynnir hefur kynningu upphitunarhópsins
- vanti skautara þarf að gera mótsstjóra viðvart
- ekki skal hleypa næsta skautara inn á ísinn fyrr en skautarinn á undan er kominn útaf ísnum
- tryggja að hlið inn á ís séu lokuð meðan á keppni stendur
- opna og loka hliði fyrir keppendum þegar þeir fara inn/út af ísnum
- vísa keppendum í K&C

Mótsstjóri útvegar lista með skauturum sem eiga að vera á æfingu/keppni.